


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Nóvember 2025

Fylgi flokka ef kosið yrði til **Alþingis** í dag




Okt. 2025	31,9%	17,6%	16,3%	13,5%	5,9%	5,5%	3,9%	2,6%
Sept. 2025	34,0%	19,5%	11,8%	12,6%	6,9%	5,8%	2,9%	3,6%
Kosningar 2024	20,8%	19,4%	12,1%	15,8%	13,8%	7,8%	3,0%	2,3%


Stuðningur við ríkisstjórn



Stuðningur við stjórnarflokka



Fylgismæling - afstaða



Fylgi **Miðflokks** eykst en **Samfylking** og **Sjálfstæðisflokkur** tapa fylgi

Nokkrar sveiflur eru á fylgi flokka milli mælinga. Helsta breytingin er að fylgi Miðflokksins eykst um ríflega 4 prósentustig og rúmlega 16% kysu flokkinn ef kosið yrði til Alþingis nú. Fylgi flokksins hefur ekki mælst hærra síðan á sama tíma í fyrra. Fylgi Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks minnkar um 2 prósentustig. Nær 32% kysu Samfylkinguna ef kosið yrði nú og tæplega 18% Sjálfstæðisflokkinn. Breyting á fylgi Pírata og Vinstri grænna milli mælinga er einnig tölfræðilega marktæk. Fylgi annarra flokka breytist lítið eða á bilinu 0,2-0,8 prósentustig og eru breytingarnar ekki tölfræðilega marktæk. Rösklega 13% myndu kjósa Viðreisn, nær 6% Flokk fólksins, um 4% Pírata, næstum 3% Vinstri græn, rúmlega 2% Sósíalistaflokk Íslands og tæplega 1% aðra flokka.

Nær 7% myndu skila auðu eða ekki kjósa og rúmlega 12% taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Slétt 61% þeirra sem taka afstöðu styðja ríkisstjórnina.

Spurt var:

- Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
- En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
- Styður þú ríkisstjórnina?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísu eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 1. október - 2. nóvember 2025. Heildarúrtaksstærð var 11.225 og þátttökuhlutfall var 46,5%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,5-1,4%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson

© Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn. Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil enda sé heimilda getið.